

1506207

Ásta Stefánsdóttir

From: Aldis Sigfusdottir <aldiss@isl.is>
Sent: 18. september 2015 14:09
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl,

Vinsamlegst er óskað eftir því að mínar upplýsingar eða tölvupóstur verði sendir óbreyttir til fulltrúa í bæjarráði, og vinsamlegast sendu staðfestingu þar um. Þátttaka í námskeiðunum hingað hefur verið milli 20 – 25 börn á námskeiði. Námskeiðin hafa hingað til alltaf byrjað um 20. sept..

Kveðja,
Aldís Sigfusdóttir
Sími: 894-1275

From: Aldis Sigfusdottir [mailto:aldiss@isl.is]
Sent: Friday, September 18, 2015 1:53 PM
To: 'Ásta Stefánsdóttir'
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl,

Það hefur verið 4.500 kr á nemenda, en það er rétt að benda á það að enginn leigukostnaður vegna þessa námskeiðs er inn í þessum tölum, sem sjálfsgagt væri eðlilegt að bæta við. En það verður ykkar verk.

Kveðja,
Aldís Sigfusdóttir
Sími: 894-1275

From: Ásta Stefánsdóttir [mailto:asta@arborg.is]
Sent: Friday, September 18, 2015 1:35 PM
To: 'Aldis Sigfusdottir'
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl og takk fyrir þetta
Til að hafa allar tölur þá væri gott að fá líka hver þátttökugjöldin eru sem nemendur greiða.
kveðja,
Ásta

From: Aldis Sigfusdottir [mailto:aldiss@isl.is]
Sent: 18. september 2015 13:21
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl,

Ef fjármögnun hefst þá mun Skákskóli Íslands sjá um og hafa yfirumsjón með kennslunni eins og s.l. tvö vetur. Fyrir hönd Skákskóla Íslands hefur það verið Helgi Ólafsson sjálfur sem hefur séð um kennsluna og honum til aðstoðar hefur verið Björgvin Guðmundsson, og geri ég ráð fyrir að svo verði áfram, en auk hans hafa Gísli Magnússon fyrirverandi kennari og Nökkvi Sverrisson frá Selfossi kennt í förföllum Björgvins. En í förföllum Helga Ólafsson þá hefur hann fengið annan fyrir sig úr Skákskóla Íslands.

S.l. tvö ár hafa um 25 grunnskólabörn sótt hvert námsskeið í Fischersetri og þetta hafa verið tvö tíu skipta námsskeið, eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Og er hugmyndin að halda þessu áfram ef fjármögnun tekst.

Kennslan hefur farið þannig fram að hópnum hefur verið skipt upp í tvo hópa, byrjendur og þá sem eru lengra komnir. Helgi Ólafsson hefur kennt þeim sem eru lengra komnir en Björgvin byrjendum. En því miður er það svo að Björgvin er sá eini í Skákkfélagi Selfoss og nágrennis sem vill eða getur kennt skák.

Kostnaður:

- Helgi Ólafsson hefur fengið 120.000 kr fyrir hvert 10 skipta námskeiðið eða 240.000 kr fyrir tvö námsskeið yfir veturinn eins og verið hefur s.l. tvo vetur. Og er hugmyndin að svo verði áfram ef að fjármögnun fæst.
- Skákkóli Íslands hefur borgað Björgvini Guðmundssyni fyrir að aðstoða fyrir kennsluna.
- Hver skáktími er í eina og hálf klst eða frá 11:00 – 12:30 hvern laugardag og er eitt hlé. Í þessu hléi hafa nemendur fengið hressingu sem hefur verið ávaxtasafi og kleinur/snúðar. Þetta hefur verið kostað um 3.000 kr fyrir hvert skipti eða um 30.000 kr fyrir hvert námsskeið og þá um 60.000 kr fyrir tvö námsskeið.
- Þannig að miðað við ofangreindan kostnað þá er heildarkostnaðurinn um 300.000 kr fyrir tvö námskeið yfir veturinn, og þá eins og hefur verið s.l. tvo vetur.

Samkvæmt Ásdísi hjá Skáksambandi Íslands sem sér um fjármál Skákkóla Íslands þá er Helgi Ólafsson á föstum launum hjá Skákkólanum og fær hann enga auka greiðslu fari hann út á land að kenna. Og það eru þeir sem biðja hann um að koma sem greiða ferðakostnað hans.

Það er sveitarfélaginu Árborg til framdráttar ef Skákkóli Íslands og þá Helgi Ólafsson vilji og getur haldið úti skákkennslu hérna yfir veturinn. En það er ekki sjálfgefið að hann geri það eða vilji, því hann þarf að keyra yfir Hellisheiðina hvern laugardag í fimm mánuði yfir vetrartímamann, og allir vita hvernig veðrið var s.l. vetur. En Helgi Ólafsson vill halda þessu áfram, sem er góðs viti. Og hann vill að Björgvin verði áfram sinn aðstoðarmaður eins og áður.

Helgi Ólafsson er stórmeistari í skák og hefur hann séð um skákmót í Setrinu. Skákkennsla eflir nemendur í rökrænni og sjálfstæðri hugsun, og hafa erlendar kannanir sýnt fram á það. Auk þess ætti það að efla áhugann að kennslan fari fram í Fischersetri sem hýsir safn um heimsmeistarann Bobby Fischer, sem varð heimsmeistari í skák í Reykjavík 1972. Þessi viðburður kom Íslandi á kortið og í dag eru Amríkanar að frumsína kvikmynd í Ameríku um Fischer og einvígið 1972 í Reykjavík. Góðir leikarar eru í myndinni, en það er t.d. Toby Maguire, sem lék köngulóamanninn, sem leikur Fischer. Og er það mjög líklegt að þessi mynd muni bera hróður einvígsins 1972 enn meira um hina víðu veröld, og kannski mun það líka ýta undir ferðamannastrauminn á Selfossi!

Kveðja,

Aldis Sigfúsdóttir f.h. Fischersturs á Selfossi.

Sími: 894-1275

From: Ásta Stefánsdóttir [<mailto:asta@arborg.is>]
Sent: Friday, September 18, 2015 10:31 AM
To: 'Aldis Sigfusdottir'
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl vertu

Bæjarráð óskar eftir frekari upplýsingum:

1506207 - Styrkbeiðni Fischersturs vegna skákkennslu í Fischersetri 2015-2016

Bæjarráð óskar eftir kostnaðaráætlun og staðfestingu á því hverjir muni annast kennslu á námskeiðinu og hvenær það muni fara fram.

Getur þú tekið þetta saman og sent í dag eða á mánudagsmorgun?

kveðja,

Ásta

From: Aldis Sigfusdottir [<mailto:aldiss@isl.is>]
Sent: 18. september 2015 09:10
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl,

Hvað kom út úr þessu?

*Kveðja,
Aldís Sigfusdóttir
Sími: 894-1275*

From: Ásta Stefánsdóttir [<mailto:asta@arborg.is>]
Sent: Friday, August 28, 2015 4:13 PM
To: 'Aldis Sigfusdottir'
Subject: RE: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl

Við frestuðum afgreiðslu vegna þess að við gátum ekki fengið það staðfest hjá Skákkfélaginu, sem einnig er með umsókn inni, að það hefði orðið samkomulag milli ykkar um að Fischersetrið héldi áfram með sína umsókn en hin dytti upp fyrir.

kveðja,
Ásta

From: Aldis Sigfusdottir [<mailto:aldiss@isl.is>]
Sent: 27. ágúst 2015 15:11
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: Styrkur vegna skákkennslu í Fischersetri..

Sæl,

Hvað kom út út þessarri styrkbeðni? Geturðu vinsamlegast hringt í mig?

*Kveðja,
Aldís Sigfusdóttir
Sími: 894-1275*

150 2007

Ásta Stefánsdóttir

Frá: Ásta Stefánsdóttir **Sent:** 20.6.2015 16:30:21
Til: Signý Harpa Hjartardóttir
CC:
BCC
Efni: FS: Styrkur til skákkennslu í Fischersetri...
Viðhengi:
Málsnúmer: 1506207

Frá: Aldís Sigfusdóttir [aldiss@isl.is]
Sent: 20. júní 2015 15:46
Til: Ásta Stefánsdóttir
Efni: Styrkur til skákkennslu í Fischersetri...

Sæl,

Málefni: 250 þús. kr styrkur fyrir skákkennslu í Fischersetri á vegum Helga Ólafssonar skólastjóra Skólastjóra Skákskóla Íslands.

Er möguleiki að Árborg veiti okkur þennan styrk fyrir skákkennslu í Fischersetri fyrir næsta skólaár. Ef þessi styrkur fæst þá er hugmyndin að vera með skákkennslu fyrir og eftir áramót næsta vetur? En við fengum 250 þús. styrk til þessa verkefnis í fyrra og sá Helgi Ólafsson um kennsluna í Fischersetri s.l. vetur.

Kveðja,
Aldís Sigfusdóttir
Sími: 894-1275